

Viðbrögð Vallarsels Desember 2021

Hvað erum við búin að gera

Verkefnið okkar framundan er stórt en alls ekki óyffirstíganlegt. Til þess að gæta að heilsu og öryggi barna og starfsmanna þarf að fara í ákveðnar aðgerðir innanhúss í Vallarseli og hófust þær strax í dag að einhverju leyti.

Þau rými sem við þurfum að færa til eða rýma eru:

- Lundur
- Jaðar
- Vellir
- Hitakompa-salerni-þvottahús
- Sérkennsluherbergi

Lundur

Loka þarf deildinni vegna myglu og rakaskemmda í tveimur rýmum.

Í dag, mánudaginn 6. desember, flutti Lundur sig um set inn í sal. Við munum fá aðgang að útikennslusvæði í Garðalundi og það munum nýta til að minnka hópinn og álag sem því fylgir að vera saman í litlu rými. Við munum upplýsa foreldra um framvindu á þessu fyrirkomulagi. Við getum með engu móti sagt hversu lengi þetta ástand muni vara en allt verður gert til að tryggja öryggi og heilsu barna og starfsfólks.

Jaðar

Þar eru rakaskemmdir í útveggjum í innra herbergi og því er mikilvægt að bregðast fljótt við því. Strax í dag snérum við Jaðri við, þ.e. innra herbergi verður nýtt fyrir borðvinnu-matartíma og ytra herbergi fyrir leik og hvíld. Það mun á einum eða öðrum tímapunkti þurfa að gera aðrar ráðstafanir en þetta er fyrsta skrefið í að koma börnum og starfsfólki af því svæði sem liggur undir skemmdum.

Vellir

Þar eru rakaskemmdir í útveggjum í innra herbergi og því er mikilvægt að bregðast fljótt við því. Strax í dag snérum við Völlum við, þ.e. innra herbergi verður nýtt fyrir borðvinnu-matartíma og ytra herbergi fyrir leik og hvíld. Það mun þurfa að gera aðrar ráðstafanir seinna en þetta er fyrsta skrefið í að koma börnum og starfsfólki af því svæði sem liggur undir skemmdum.

Hitakompa, starfsmannasalerni og þvottahús í eldra húsnaði

Öllum þessum rýmum þarf að loka og er verið að leita lausna varðandi þvottaaðstöðu en það kemur í ljós hvernig því verður háttað.

Sérkennsluherbergi

Þetta rými verður ekki í notkun. Þar inni eru rakaskemmdir sem við teljum að hafi áhrif á öryggi og heilsu barna og starfsfólks. Því munum við ekki sinna þessum þætti inni í sérkennsluherbergi heldur mun öll sérkennsla fara fram inni á deildum.

Önnur svæði á leikskólanum

Í skýrslunni koma fram ábendingar varðandi aðra staði í leikskólanum en þeir falla ekki undir forgang 1 eins og þau svæði sem eru talin hér að framan.

Við erum öll í sama liði

Það er ljóst að þetta er miklar upplýsingar sem þarf að melta, bæði fyrir foreldra og starfsfólk en þetta er verkefni sem við þurfum öll að vinna saman, við erum öll um borð í sama báti og mestu máli skipitir að við róum í sömu átt. Við viljum vinnustað barna okkar það allra besta og leggjumst öll á það að láta þetta ganga sem best.

Lögð verður áhersla á að halda foreldrum og starfsfólki vel upplýstu um framvindu mála í Vallarseli

Við viljum þakka Akraneskaupsstað fyrir fagleg og góð viðbrögð.